

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps *11. fundur.*

að Hlíðavegi 6, 9. 01. 2003, kl. 13:30.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fjárhagsáætlun 2003 Fyrri umræða.
3. Erindi Álfðísar og Stefaníu Stefánsdætra um breytingu aðalskipulags vegna byggingar fuglasafns.
4. Deiliskipulag í Jarðbaðshólum vegna Baðfélags.
5. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 16. des.
6. Fundargerð bygginganefndar frá 19. des.
7. Erindi Eypings vegna fundar um menningarmál.
8. Vegamál við Jökulsá á Fjöllum.
9. Verslunarmál í Skútustaðahreppi.

### Til kynningar:

- i. Námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga
- ii. Bréf Ferðamálaráðs dags. 18.12. 2002 um upplýsingamiðstöðvar.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

### 1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði sveitarstjórnarmönnum gleðilegs árs. Birkir óskaði eftir að málum 8 og 9 yrði bætt á dagskrá. Samþykkt samhljóða.

### 2. Fjárhagsáætlun 2003. Fyrri umræða.

Sveitarstjóri lagði fram eftirfarandi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar 2003.

## **Fjárhagsáætlun 2003**

### **Helstu forsendur**

- 1) Launahækkunir verði í samræmi við kjarasamninga.
- 2) Verðbólga verði 2-3%
- 3) Gert er ráð fyrir 8 % hækkun leikskólagjalda. Þau hækkuðu síðast fyrir þremur árum, þ.e. í jan 2000
- 4) Gert er ráð fyrir 20% hækkun sorpgjalda, en kostnaður vegna rekstrar Sorpsamlagsins eykst um 23%. Kostnaður vegna Sorpsamlagsins er kr. 12.090- á hvern íbúa sem aðild á að sorpsamlaginu.
- 5) Ekki er gert ráð fyrir auknu umfangi rekstrar sveitarfélagsins.

Grundvallarbreytingar eiga sér nú stað við bókhald sveitarfélaga og er samanburður allur því erfiður á milli ára.

Þá upplýsti hann jafnframt að ekki væri lokið vinnu við myndun eignasjóða sem endurskoðendur hreppsins annast. Því væri ekki mögulegt að ganga frá rekstrarhluta áætlunarinnar nú. Endurskoðendurnir væru væntanægir í byrjun næstu viku og yrðu væntanlega að verða fundir vegna fjárhagsáætlunar 23. og 30. þessa mánaðar.

Sveitarstjóri lagði fram rekstraráætlun helstu málaflokka þessa árs án eignasjóða.

Forsendur áætlunarinnar samþykktar samhljóða og áætluninni vísað til 2. umræðu.

### **3. Erindi Álfðísar og Stefaníu Stefánsdætra um breytingu aðalskipulags vegna byggingar fuglasafns.**

Sveitarstjóra falið að rita Náttúruvernd ríkisins bréf þar sem málið verði kynnt.

### **4. Deiliskipulag í Jarðbaðshólum vegna Baðfélags.**

Samþykkt samhljóða að óska eftir staðfestingu deiliskipulagsins í samræmi við teikningu 010 dags. 7. jan. 2002, síðast breytt 11.12. 2002. höf. Halldór Gíslason.

### **5. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 16. des.**

1. liður fundargerðarinnar samþ.

Jafnframt er 2. liður a um skipun Gylfa Yngvasonar sem gangnaforingja í Krákárbakkahólfi frá og með næstu göngum samþykktur.

### **6. Fundargerð bygginganefndar frá 19. des.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

### **7. Erindi Eyþings vegna fundar um menningarmál.**

Sveitarstjóri mun sækja fundinn.

### **8. Vegamál við Jökulsá á Fjöllum.**

Samþykkt að senda samgönguráðherra eftirfarandi ályktun (1. þingm. kjördæmisins verði sent afrit):

## Áskorun

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps skorar á samgönguráðherra að taka fyrir lok kjörtímabilsins ákvörðun um byggingu vegar sem tengi saman þjóðveg no. 1 á Mývatnsöræfum og þjóðveginn um Kelduhverfi.

Sveitarstjórnin fagnar niðurstöðum samráðshóps um vegamál við Jökulsá á Fjöllum og leggur áherslu á að bætt aðgengi að náttúruperlum héraðsins er forsenda fyrir frekari viðgangi ferðaþjónustu á öllu Norðaustur- og Austurlandi.

### 9. Verslunarmál í Skútustaðahreppi.

Sveitarstjóra falið að rita Samkaupum bréf þar sem skorað er á fyrirtækið að auka opnunartíma verslunar í Reykjahlíð á sunnudögum til samræmis við það sem er á laugardögum. Jafnframt verði hugað að hvort mögulegt sé að hafa snyrtingar opnar utan opnunartíma verslunar.

### Til kynningar:

- i. Námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga
- ii. Bréf Ferðamálaráðs dags. 18.12. 2002 um upplýsingamiðstöðvar.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Guðrún María Valgeirsdóttir,  
Jón Óskar Ferdinandsson,  
Kristján Stefánsson,  
Birkir Fanndal Haraldsson,  
Böðvar Pétusson.